

Nd.

176. Álit

um frumvarp til laga um frestun á framkvæmd laga nr. 50, 20. okt. 1905, um sölu þjóðjarða, og laga nr. 31, 16. nóv. 1907, um sölu kirkjujarða.

Frá meiri hluta Landbúnaðarnefndar.

Nefndin hefir ekki orðið sammála um frumv. þetta. Meiri hlutinn telur stefnu þess andviga anda og tilgangi þjóðjarðasölulaganna og getur því ekki fallist á það.

Ástæður fyrir þessu álitu voru, eru meðal annars þessar:

1. Vjer álitum rjett að selja allar þjóðjarðir og kirkjujarðir, nema að því leyti sem áðurnefnd lög mæla öðru vísi fyrir.
2. Sala slíkra jarða styður verulega að ræktun landsins, bættum húsakynnum bændastjettarinnar og gerir menn áræðnari og þolnari við landbúskap.
3. Frestur sá, sem frumv. þetta gerir ráð fyrir, teljum vjer fyrsta sporið í þá átt, að afnema alveg lögin um sölu þjóðjarða og kirkjujarða en það verðum vjer að telja mjög varhugavert.

Minni hluti nefndarinnar viðurkennir, »að sjálfsábúð hafi hvervetna reynst vel í flestum greinum«, en hallast þó að erfðaábúð, sem er þó lítt reynd hjer á landi, og sem vjer verðum að álíta að hafi ekki sambærilega kosti að bjóða á móti sjálfsábúð. Maður, sem hefir jörð að erfðaábúð þarf að greiða árlegt gjald í landssjóð, en þess þarf sjálfseignarbóndi ekki, nema á meðan hann er að borga jörðina, hafi hann keypt hana.

Minni hlutinn heldur því enn fremur fram, að erfðaábúð tryggi betur en sjálfsábúð, að afkomendur ábúenda haldi áfram búskap á jörðunum. Þetta getum vjer ekki viðurkent, því að ekki mun sjálfseignarjörðin ábúendum síður kær en erfðafestujörðin, enda færir minni hlutinn lítlar sannanir fyrir þessari skoðun sinni. Vjer viljum líka taka það fram, að ekki er líklegt, að

afkomendur sjálfseignarbænda sjeu ólíklegri til framhaldsábúðar á jörðum feðra þeirra, en afkomendur erfðafestubænda, eða að þeir sjeu að nokkru leyti ólíklegri til þess að feta vel í fótspor þeirra, að því er snertir dagnað eða rækt við jarðirnar.

Minni hlutinn segir að þeir sem kaupa ábyli sín, festi svo mikið fje, »að veltufje og efni til allra búskaparframfara verði að því skapi rýrari«. En þegar þess er nú gætt, að að eins $\frac{1}{10}$ hluti jarðarverðsins er greiddur þegar kaupin fara fram, og að árlegar greiðslur (vextir og afb.) samsvara í flestum tilfellum eftirgjaldsupphæðinni eða litlu meira, þá verður ekki sjeð að við kaupin festist mikið fje kaupanda, eða að þau standi honum fyrir þrifum efnalega.

Hvað viðvikur fjölgun býla, þá virðist 2. gr. þjóðjarðasölulaganna vera þar nægilega tryggur vörður. Sýslunefndum verður að treysta til þess, að gæta þeirrar skyldu sinnar, að mæla ekki með sölu þeirra jarða, sem líklegar eru til sundurskiftingar.

Minni hlutinn segir, að jarða- og húsabætur með erfðafestu rjetti, sje eign ábúanda og skuli greiðast honum eftir sanngjörnu mati, þegar hann fer frá jörðinni, en þó skuli ekki hærra metið »en svo, að svari því afgangi, sem jörðina mætti leigja fyrir«. Þetta finnst okkur afar ósanngjarnt, því að það er augljóst eftir þessari kenningu, að því meira, sem búandinn hefir lagt í kostnað á jörðinni, því meira á hann á hættu þegar hann fer frá henni. Þetta er meðal annars verulegur ókostur erfðafestuábúðarinnar.

Að endingu má benda á það, að stundum hefir innheimtu jarðarafgjalda og umsjón með jörðunum, frá hálfu umboðsmanna landssjóðs, verið verulega ábótavant, auk þess, sem því fylgir talsverður kostnaður, sem landsjóður væri að mestu laus við, ef jarðir hans væru flestar seldar ábúendum.

Að öllu þessu athuguðu, verðum við að ráða háttvirtri deild til að fella þetta frv.

Alpingi 31. júlí 1915.

Stefán Stefánsson,
formaður.

Björn Hallsson,
framsögumaður.

Jóhann Eyjólfsson.

Hjörtur Snorrason.

Samþykktur um niðurstöðuna, en ósamþykktur ýmsu í ástæðunum.

Bjarni Jónsson,
frá Vogu.